





6. tbl. 2014/15



Janúar


**Veiðijatsí
Flöskuskeyti
Fiskisúpa
Hugtakakort
Nýárshrósið
Skeljakóngur
Heimshöfin
Fiskalagið
og fleira...**



Nokkur eintöluorð

Kaffi, sykur, hveiti, mjólk,
kopar, silfur, bræði,
kæfa, lýsi, kæti, tólg,
kerskni, ástúð, mæði.

Höf: Höskuldur Þráinsson



minnis
vísur

KENNARTINN.IS

MÁN

TIL

MÆÐU

ÞRI

TIL

ÞRAUTAR

MID

TIL

MOLDAR

FIM

TIL

FRAMA

FÖS

TIL

FJÁR

LAU

TIL

LUKKU

SUN

TIL

SIGURS

ja
núar



NÝÁRSDAGUR

2

3

4

5



ÞRETTÁNDINN

7

8

9

10

11

12

13

14

15

16

17

18

19

20

21

22



BÓNDADAGUR
ÞORRI BYRJAR

24

25

26

27


28

29

30

31





Allir renna...

blint í sjóinn og má heimfæra þá speki á fjöldann allan af athöfnum.

Að þessu sinni er þema vefritsins helgað hafinu og af gríðarmiklu að taka í þeim efnum. Í jólablaðinu komu fyrstu eintökin af skriftar-
renningunum og þá má einnig finna í þessu riti. Nú innihalda þeir heiti fiska, hvala og annarra sjávarlífvera sem finnast við Ísland. Að vísu eru renningarnir ekki tæmandi en ef sérstakar óskir koma í þeim efnum er lítið mál að útbúa fleiri.

Rímorðasafnið er nýjung sem sjást mun reglulega í næstu vefritum og eins stendur til að útbúa fleiri útgáfur af spilin GEFA og TAKA enda um frábært verkfæri úr Byrjendalæsinu að ræða.

Flöskuskeyti er ritunarverkefni sem gaman er að taka þátt í með nemendum, og hægt að velta mörgum steinum við í þeirri vinnu. Hvernig skrifar maður flöskuskeyti? Hvaða upplýsingar eru nauðsynlegar og hvaðan er best að senda þau svo flöskurnar brotni ekki?

Undirrituð lék sér mikið í Kalmansvíkinni og á Langasandi á Akranesi sem barn. Þá var oftast en ekki farið í Skeljakóng. Þrátt fyrir mikla leit á Netinu fundust engar upplýsingar um þetta skemmtilega fjöruspil og því við hæfi að lauma því með. Ef þú

lesandi góður lumar á fleiri skelja-leikjum væri gaman að fá upplýsingar um þá.

Heilmikið er hægt að föndra úr gjöfum hafsins og í tengslum við þemað er komin myndarleg safnmappa með föndurhugmyndum á [Pinterestsíðu Kennarans](#). Jafnframt er að finna flottar síður á Netinu sem tengjast umfjöllunarefninu:

[Fjaran og hafið](#)
[Hafið bláa hafið](#)
[Þekkir þú úthöfin?](#)


Að lokum er hér ein gömul og góð barnavísa sem margir kannast við.

*Fagur fiskur í sjó,
brettist upp á halanum
með rauða kúlu á maganum.
Vanda, banda,
gættu þinna handa.
Vingur, slingur,
vara þína fingur.
Fetta, bretta,
svo skal högg á hendi detta.*

Þema febrúar er slys og skyndihjálp. Sem fyrr eru allar ábendingar um efni vel þegnar á netfangið kennarinn123@gmail.com.

Einn fyrir alla - allir fyrir einn

Unnur María Sólmundsdóttir,
verkefnastjóri.




Málsháttasókn

— lært og leikið

Málshættirnir tengjast allir sjó-sókn. Skjalið er prentað út, klippt upp í það eftir brotalínu og loks hengt upp. Nemendur sækja sér málshátt, fara með hann í sætið og skrifa niður. Hægt er að vinna með málshættina á fjölbreyttan hátt. Ein leiðin er að snúa blaðinu öfugt meðan nemendur rífa málshátt svo þeir viti ekki hvað þeir hafa valið fyrr en þeir eru sestir í sætin sín. Hér eru hugmyndir að fjölbreyttum vinnuferlum:

- o sóknarskrift
- o skrifa niður og myndskreyta málsháttinn
- o leika málsháttinn
- o semja smásögu sem inniheldur málsháttinn
- o klippa texta í sundur og leggja málsháttapraut fyrir sessunaut
- o orðflokkgreina málsháttinn í nafnorð, sagnorð, lýsingarorð og skoða eintölu- og fleirtöluorð í málshættinum
- o skipta út orðum í málshættinum og setja samheiti inn
- o finna hversu mörg orð og setningar er hægt að búa til úr stöfum sem mynda málsháttinn
- o nota málsháttinn sem fyrripart, seinniþart eða ljóðlínu í kvæði
- o klappa atkvæði í málshættinu


Á Pinterestsíðu
Kennarans er fjöldinn
allur af hugmyndum að
leikjum og föndri
með skeljum



Mynd

Skeljastafróf, mynd tekin af slóðinni <http://gironlife.blogspot.com/2010/05/alphabet-sea-shells.htm>

Allir renna blint í sjóinn



👁️👁️ Lýist fiskur ef lengi er barinn

👁️👁️ Ekki er sjórinn sekur þó syndi ei allir fuglar

👁️👁️ Aka skal seglum eftir vindi

👁️👁️ Kóngur vill sigla en byr hlýtur að ráða

👁️👁️ Oft fer logn á undan stormi

👁️👁️ Betra er að róa en reka undan

👁️👁️ Bágt er einni ár til lands að róa

👁️👁️ Rekur tíðum þó róið sé öllum árum

👁️👁️ Þeir fá byr sem bíða

👁️👁️ Botnlaust djúp er bágt að kanna

👁️👁️ Jafnir fiskar spyrðast best

👁️👁️ Fagurt er landið í fári sjávar

👁️👁️ Enginn dregur annars fisk úr sjó

👁️👁️ Flýtur meðan ekki sekkur

👁️👁️ Eftir storminn lifir aldan

👁️👁️ Allar ár renna til sjávar

👁️👁️ Ekki verður fyrir öll nesin róið

👁️👁️ Margt er sjómanna hjalið

👁️👁️ Eftir er sporður þó af sé höfuð

👁️👁️ Öngulsár fiskur forðast alla beitu


👁️👁️ Allt er betra en berir önglar

👁️👁️ Árinna kennir illur ræðari

👁️👁️ Betra er lítill fiskur en tómur diskur

👁️👁️ Þeir fiska sem róa

👁️👁️ Sjaldan er ein báran stök



Gefa og taka fisk

— lært og leikið

Spilið samanstendur af 4 reituðum blöðum með málsháttum og 4 sem innihalda fiskamyndir og fiskanöfn. Gott er að plasta þessi 8 skjöl áður en blöðin með myndum og heitum eru klippt niður. Nemendum er skipt í 4 manna hópa. Hver hópur þarf 1 sett af spilu. Hver leikmaður fær skjal með málshætti og miðarnir eru settir á hvolf í bunka. Spilið hefst og fyrsti leikmaður dregur miða. Ef sá dregur mynd má hann leggja fiskinn á reit þar sem stendur *mynd*. Ef sá dregur fiskaheiti þarf hann að skila miðanum aftur í bunkann. Til að hefja söfnun þarf fyrst að fá eina mynd svo mögulega gengur leikur-

inn nokkra hringi áður en söfnun hefst. Leikmenn draga svo koll af kolli. Ef leikmaður 1 er búinn að fá fiskamynd en leikmaður 2 dregur það fiskanafn verður sá síðastnefndi að GEFA leikmanni 1 miðann sinn. Ef leikmaður 1 er hinsvegar kominn með 1 mynd og 2 heiti (á bara 1 auðan reit eftir við ákveðna fisktegund) má leikmaður 2 TAKA alla miðana hans og raða á sitt spilaborð svo lengi sem enn er pláss á því. Sá leikmaður sem fyrstur nær að fylla upp í sitt spilaborð vinnur leikinn. Spilið **Gefa og taka fisk** má nálgast í fb - hópnum [Vefrit kennarans](#).



Besta gjöfin er gott fordæmi

mynd	mynd	mynd

KENNAFINN.IS

Sælla er að gefa en þiggja

mynd	mynd	mynd

KENNAFINN.IS

Æ sér gjöf til gjalda


mynd	mynd	mynd

KENNAFINN.IS

Lítill gjöf er betri en stórt loforð

mynd	mynd	mynd

KENNAFINN.IS

**GEFA - TAKA**

Vefrit Kennarans 6.tbl 2014 - 2015

FISKAR

Porskur  Mynd: hermanosgandon.com	Ýsa  Mynd: vsvjs - Telkning: Jón Baldur Hlíðberg	Karfi  Mynd: hermanosgandon.com
Porskur	Ýsa	Karfi
Porskur	Ýsa	Karfi
Porskur	Ýsa	Karfi

**GEFA - TAKA**

Vefrit Kennarans 6.tbl 2014 - 2015


FISKAR

Makrill  Mynd: fisheries.no	Lax  Mynd: fisheries.no	Skata  Mynd: icelandreview.com
Makrill	Lax	Skata
Makrill	Lax	Skata
Makrill	Lax	Skata



Höf, sund og flóar

Finndu sérnöfnin í orðaruglinu. Þau eru falin ýmist á ská, upp, niður, aftur á bak eða áfram.




l	a	b	r	a	d	o	r	h	a	f	m	b	l	ð
n	a	æ	o	e	f	a	h	s	d	n	a	l	t	a
k	a	t	t	e	g	a	t	o	i	j	o	d	t	p
o	n	o	r	ð	u	r	s	j	ó	r	n	l	í	l
f	a	h	s	g	e	r	o	n	l	u	a	s	d	f
a	s	d	f	g	h	o	a	o	f	s	o	k	n	a
k	a	s	p	í	a	h	a	f	a	o	k	a	u	h
g	o	f	o	m	a	o	d	r	s	y	o	g	s	s
v	x	f	o	f	n	n	t	o	r	o	x	e	s	d
o	e	i	æ	s	a	s	ð	r	e	t	r	r	g	n
j	k	o	v	l	y	o	a	o	p	b	r	r	n	a
a	x	g	n	e	o	h	g	a	s	x	o	a	i	l
g	r	æ	n	l	a	n	d	s	h	a	f	k	r	d
o	r	o	o	f	f	a	h	a	ð	u	a	r	e	n
g	m	i	ð	j	a	r	ð	a	r	h	a	f	b	i

Kyrrahaf
Atlandshaf
Norðursjór
Rauðahaf

Persaflói
Noregshaf
Eystrasalt
Skagerrak

Kattegat
Jónahaf
Indlandshaf
Miðjarðarhaf

Beringssund
Labradorhaf
Grænlandssund
Grænlandshaf



Vinsamlegast

☐

þrífið töfluna

☐


þrífið EKKI töfluna

☐

þurrkið af borðunum

☐

annað, _____



Klipptu mig út,
brjóttu í tvennt og
plastaðu, þá passa
ég í spilastokk

Kortamolar

— klippt, brotið og plastað




**400 leikir og
leikjaafbrigði**



Leikjavefurinn er skemmtilegur gagnabanki með mikið af leikjum og leikjaafbrigðum sem komið geta að gagni í námi og kennslu.

Leikirnir eru teknir saman af kennurum og kennaraefnum svo næst þegar þig vantar góðan leik til að nota í kennslunni er tilvalið að kíkja hér inn.



**Upptaka
af tölvuskjá**


Jing gerir þér kleift að taka upp það sem þú gerir á skjánum. Þetta er kjörið verkfæri við gerð fyrirlestra sem innihalda kvikt myndefni. Þegar búið er að setja forritið inn birtist sól á tölvuskjánum.

Hægt er að vista upptökuna í tölvunni en einnig birta beint á samfélagsmiðlunum.

Myndir

Leikjavefurinn, mynd tekin af slóðinni leikjavefurinn.is/hver-er-eg-2/

Jing logo tekið af slóðinni jeanporter.cmswiki.wikispaces.net/file/view/jing_logo_2.png/245233021/122x129/jing_logo_2.png



Skriftarrenningar

— prentað og plastað


Sjávardýrarenningana má nota á margvíslegan hátt til að þjálfra skrift.

Þeir innihalda heiti íslenskra fiska, hvala og fleiri sjávarlífvera.

Þorskur
Ýsa
Karfi
Steinbítur
Langa
Rauðspretta
Hlýri
Skötuselur
Skata
Ufsi
Loðna
Makríll
Lax

Háhyrningur
Hnúfubakur
Hrefna
Langreyður
Sandreyður
Steypireyður
Andarnefja
Grindhvalur
Búrhvalur
Blettahnýðir
Hnísa
Léttir
Mjaldur

Trjónukrabbi
Humar
Krossfiskur
Sækönguló
Bogkrabbi
Marfló
Marglytta
Beitukóngur
Hrúðukarl
Hörpudiskur
Kræklingur
Olubogaskel
Þanglús



Söngbókin mín

Nafn: _____

Fiskalagið


Höf. Ókunnur

Nú skulum við syngja um fiskana tvo
sem ævi sína enduðu í netinu svo.
Þeir syntu og syntu og syntu um allt,
en mamma þeirra sagði: *Vatnið er kalt.*

Baba, búbú, baba, bú!
Baba, búbú, baba, bú!
Þeir syntu og syntu og syntu um allt,
en mamma þeirra sagði: *Vatnið er kalt.*

Annar hét Gunnar en hinn hét Geir,
þeir voru pínulitlir báðir tveir.
Þeir syntu og syntu og syntu um allt,
en mamma þeirra sagði: *Vatnið er kalt.*

Baba, búbú, baba, bú!
Baba, búbú, baba, bú!
Þeir syntu og syntu og syntu um allt,
en mamma þeirra sagði: *Vatnið er kalt.*



Skeljakóngur

— leikir og útivera

Skeljakóngur er skemmtilegt fjöruspil. Margir geta tekið þátt í Skeljakónginum en hvert einvígi gengur þó út á að 2 og 2 spili saman.

Þátttakendur þurfa að týna 10 skeljar og nauðsynlegt er að nota öðu. Aða er eins og risastór kræklingur, mjó í annan endann en annars nokkuð kúpt og sver skel. Best er finna sem stærstar og þykkastar öður til að nota í keppninni.

Kastað er upp á það hver byrjar. Skeljakóngur gengur svo út á að reyna styrkleika skeljanna. Báðir leikmenn velja skel úr sínu safni til að hefja leikinn.

Sá sem byrjar, leikmaður 1, fær að stilla upp skel í fjörunni sem leikmaður 2 valdi úr sínu safni. Gott er að hafa eitthvað hart undir, t.d. fjörustein eða klett. Leikmaður 1 má nú með einu höggi reyna að brjóta skel andstæðingsins. Hann verður að nota oddmjóa hluta sinnar skeljar sem vopn. Ekki má nota stein eða neitt annað til að lemja á skelina.

Ef að skel leikmanns 2 brotnar við höggið er staðan 1:0 fyrir leikmanni 1. Ef skel leikmanns 1 brotnar er staðan 0:1 fyrir leikmanni 2. Nú

Aða



fær leikmaður 2 að nota sína skel til að reyna að brjóta öðu fyrir andstæðingnum. Svona gengur leikurinn til skiptis uns 1 skel stendur eftir óbrotin. Sá sem á þá skel hefur nú unnið lotuna og telst sigurvegari þeirrar viðureignar. Hægt er að spila fleiri en eina lotu áður en Skeljakóngurinn er krýndur.

Ef fleiri pör eru að keppa halda sigurvegararnir áfram í næstu umferð. Sá sem stendur einn eftir í lokin hampar titlinum Skeljakóngurinn.


Fleiri leikir sem tengjast hafinu og finna má á Leikjavefurinn.is:

- **Veiðimaður**
- **Lítið skip - stórt skip**
- **Tvíburastórfiskaleikur**

Mynd

Aða, mynd tekin af slóðinni http://www.irish-mussels.com/files/2010/08/mytilus_edulis_sw.webjpg1.jpg

FLÖSKUSKEYTIÐ




Almennar upplýsingar

Nafn	Sími
Kyn	Netfang
Aldur	Heimilisfang
Þjóðerni	Dagsetning

Kæri viðtakandi og finnandi flöskuskeytisins...

[illegible]


NÝÁRSHRÓSIÐ



Vika: Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur

Nemandi	1	2	3	1	2	3	1	2	3	1	2	3	1	2	3
1															
2															
3															
4															
5															
6															
7															
8															
9															
10															
11															
12															
13															
14															
15															
16															
17															
18															
19															
20															
21															
22															
23															
24															
25															
26															
27															
28															
29															
30															

AK	Afburða kurteis														
VV	Vinnur vel														
MG	Mæting góð														



Rímorðasafnið

— prentað og plastað

Renningana er hægt að plasta inn,
gata, setja upp á lyklakippuhring

og nota í margskonar rímorðavinnu
með nemendum.

SJÓR

KÓR
ÞÓR
SÓR
FÓR
JÓR
RÓR
MÓR
STÓR
MJÓR
KLÓR
SKÓR
FLÓR
SLÓR
SVÓR
SNJÓR
SLJÓR

KENNARINN.IS

HAF


AF
GAF
LAF
KAF
RAF
SVAF
GRAF
STAF
TRAF
ÍVAF
ÚTAF
SKRAF
ALLTAF

KENNARINN.IS

SÆR

ÆR
BÆR
FÆR
GÆR
RÆR
ÞÆR
KÆR
NÆR
VÆR
MÆR
TÆR
KLÆR
SKÆR
FLÆR
GRÆR
HLÆR

KENNARINN.IS




Veiðijatsí

Nafn			
Þorskur	☐	☐	☐
Ýsa	☐	☐	☐
Karfi	☐	☐	☐
Steinbítur	☐	☐	☐
Langa	☐	☐	☐
Lúða	☐	☐	☐
Hlýri	☐	☐	☐
Skötuselur	☐	☐	☐
Skata	☐	☐	☐
Ufsi	☐	☐	☐
Makrill	☐	☐	☐
Lax	☐	☐	☐
Humar	☐	☐	☐
Síld	☐	☐	☐
Silungur	☐	☐	☐
Rauðmagi	☐	☐	☐
Keila	☐	☐	☐
SAMTALS			

Miðarnir eru plastaðir og klipptir niður. Nemendur þurfa ritföng, teninga og vasareikni. Sjá spilaleiðbeiningar á facebooksíðunni [Kennarinn](#).

Þorskur		Þorskur		Þorskur	
Ýsa		Ýsa		Ýsa	
Karfi		Karfi		Karfi	
Steinbítur		Steinbítur		Steinbítur	
Langa		Langa		Langa	
Lúða		Lúða		Lúða	
Hlýri		Hlýri		Hlýri	
Skötuselur		Skötuselur		Skötuselur	
Skata		Skata		Skata	
Ufsi		Ufsi		Ufsi	
Makríll		Makríll		Makríll	
Lax		Lax		Lax	
Humar		Humar		Humar	
Síld		Síld		Síld	
Silungur		Silungur		Silungur	
Rauðmagi		Rauðmagi		Rauðmagi	
Keila		Keila		Keila	



Hugtakakortið

— rannsóknarvinna

Nemendur nota tening til að vinna hugtakakort um fisk að eigin vali. Einnig er hægt að draga fiskaheiti

til að fá meiri fjölbreytni í kortin. Á næstu síðu er hugtakakort sem má styðjast við.

Fiskurinn minn heitir: 	
	Teiknaðu <u>mynd</u> af fisknum þínum
	Skráðu <u>heimkynni</u> fisksins
	Hvernig <u>fjölgar</u> fiskurinn sér?
	Hver er <u>fæða</u> fisksins?
	Hvaða <u>hættur</u> steðja að fisknum?
	Gerðu sögu um einn <u>dag í lífi</u> fisksins þíns

KENNARINN.IS

Fiskurinn minn heitir: 	
	Teiknaðu <u>mynd</u> af fisknum þínum
	Skráðu <u>heimkynni</u> fisksins
	Hvernig <u>fjölgar</u> fiskurinn sér?
	Hver er <u>fæða</u> fisksins?
	Hvaða <u>hættur</u> steðja að fisknum?
	Gerðu sögu um einn <u>dag í lífi</u> fisksins þíns

KENNARINN.IS

1) Nemendur teikna mynd af fisknum. Tilvalið að láta þau líka skrá líkamshluta inn á myndina.

2) Hér er hægt að teikna og/ eða skrifa um heimkynnin.

3) Í bólurnar skrá börnin heiti karldýrs, kvendýrs og afkvæmis. Á línurnar má rita um lífsferil tegundarinnar.

4) Upptalning sett í bólur.

5) Upptalning sett í bólur.

6) Nemendur ímynda sér hvernig er að vera fiskur í einn dag út frá rannsókn sinni og gögnum í hugtakakortinu.

Saga





Útlit



Hættur




Heimkynni



Fæða




Fjölskylda



Fiskurinn minn heitir: _____

Nafn: _____



Eitt og annað

— um hafið og fjöruna

Hafið þekur meirihlutann af yfirborði jarðar eða 71% hennar.

Samheiti hafsins eru meðal annars mar, sær, sjór og ægir.

Flóð kallast það þegar yfirborð sjávar hækkar.

Fjara er strandlínan milli lands og sjávar. Hún kemur vel í ljós þegar yfirborð sjávar lækkar. Flóð og fjara eru tvisvar sinnum á sólarhring.

Sjávarföll samanstanda af flóði og fjöru, og orsakast vegna þyngdar-krafta tungls og sólar, sem toga til skiptis í jörðina.

Alda er bylgjuhreyfing á haffletinum sem orsakast vegna vinda. Stærð hennar ræðst af vindhraða, dýpi, særými og tímanum þar til hún skellur á fjöruborðinu. Alda á sam-heitin unnur og bára, en öll þrjú heitin eru líka kvenmannsnöfn.

Landhelgi er það hafsvæði í kring-um Ísland sem við ráðum yfir. Öll lönd sem liggja að sjó eiga slíkt umráðasvæði. Landhelgi Íslands er 12 sjómíllur og við getum bannað skipum og kafbátum að koma inn í okkar landhelgi ef við teljum að landinu stafi ógn af þeim.

Fiskveiðilögsaga Íslands er 200 sjómíllur eða 188 sjómíllur út fyrir landhelgina. Það þýðir að Íslendingar ráða yfir veiðum á þessu svæði en þurfa einnig að vernda það fyrir of-veiði og mengun.

Landhelgisgæslan er nokkurs konar lögregla á sjó sem sinnir björgunarstarfi og löggæslu í land- helgi og lögsögu Íslands.


Fisktegundirnar við Ísland voru 360 talsins í síðustu fisktalningu sem gerð var árið 2000.

Sjómennska er ein elsta atvinnu- greinin á Íslandi og það er meðal annars ástæðan fyrir því að til eru svo margir málshættir og orðatil- tæki sem tengjast sjónum og sjó- mennsku. Við skiptum sjávarútvegs- sögunni okkar í þrjú tímabil: ára- bátaöld, skútuöld og vélaöld.

Sjómannadagurinn er hátíð sjó- manna og fjölskyldna þeirra. Sjó- mannadagurinn er oftast fyrsti sunnudagurinn í júní (ekki þó ef hvítasunna er þá helgi, þá færist hann aftur um viku). Dagurinn var fyrst haldinn hátíðlegur 6. júní 1938.

Heimildir:

[Wikipedia](#) og [Vísindavefurinn](#)



Afpreyingarkippan

- leikir, þrautir, spil

Afpreyingarkippan er tölvuumbun fyrir vel unnin störf. Börn velja úr síðum með leikjum, þrautum og

spilum. Renningarnir eru plastaðir, gataðir og settir á lyklakippuhring. Fleiri eru væntanlegir í næstu ritum.




Krakkasíður

nams.is/krakkasidur/



Stærðfræðivefur

rasmus.is



Námsleikir

knowledgeadventure.com



Mynda Sudoku

picturesudoku.com



Myndir

Krakkasíður Námsgagnastofnunar, skjámynd tekin af slóðinni <http://www.nams.is/library/Myndir/bokakapur2010/frettamyndir/Rautt%20logo%20-%20eitt%20og%20s%C3%A9r.jpg>

Stærðfræðivefurinn, mynd tekin af slóðinni http://www.rasmus.is/Rasmus_newlogo_small.gif

Námsleikir, skjámynd tekin af slóðinni knowledgeadventure.com

Myndasudoku, skjámynd tekin af slóðinni <http://www.picturesudoku.com/u.php/3583>



Verkefnahefti með hverri bók!



Nýjung hjá
Disney-klúbbnum

Disney-klúbburinn kynnir nýjung fyrir áskrifendur:
Árið 2015 verður í hverjum mánuði hægt að nálgast fróðlegt
og skemmtilegt 8 bls. **lesskilningshefti**, unnið úr bók mánaðarins.

Lesskilningsverkefni eru öll byggð á kennsluáðferðum **Byrjendalæsis**
og er höfundurinn **Unnur María Sólmundsdóttir** grunnskólakennari.
Kennarar geta sótt verkefnaheftið, ásamt kennsluleiðbeiningum,
á heimasíðu Kennarans og á www.edda.is/lesskilningur.



www.edda.is/lesskilningur

f eddaisland

edda

Forsíðumynd:

Sóldís Perla Ólafsdóttir 7 ára

Ábyrgðarmaður og umbrot:

Unnur María Sólmundsdóttir

kennarinn123@gmail.com

